

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að alþingisfrumvarp til reikningslaga verði ekki staðfest af konungi. — Með þóknanlegu brjefi frá 3. septbr. þ. á. hafið þjer. herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, um samþykkt á reikningum landssjóðsins fyrir árin 1878 og 1879, og jafnframt hafið þjer getið þess, að nefnt frumvarp sje líklega ekki svo á sig komið, að það verði borið undir staðfestingu konungs, þar sem alþingi, þegar það samdi frumvarpið, hefir neitað að láta 2 gjaldliði standa í reikningnum, sem heimilaðir eru í fjárlögnum og í venju þeirri, sem hingað til hefir verið fylgt, og var annar gjaldliðurinn 500 kr. styrkur, sem ráðgjafinn 1878 veitti Feilberg inspektor af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna, til þess að ferðast um Noreg og kynna sjer landbúnaðinn þar, svo að hann gæti með kunnáttu þeirri, er hann þannig fengi, orðið ráðanautur hins konunglega landbúnaðarfjelags í íslenzkum landbúnaðarmálum. En hinn gjaldliðurinn var 100 kr. upphæð, sem greidd er Konráði prófessor Gíslasyni af fje því, sem veitt er í 16. gr. fjárlaganna, fyrir próf, er hann hjelt í íslenzku samkvæmt konungsurskurði 27. maí 1857.

Þar eð ráðgjafinn hlaut að vera yður samdóma um, að nefnt lagafrumvarp sökum þeirra ástæðna, er þjer takið fram, sje ekki svo á sig komið, að það verði gjört að lögum, voru um það samdar allraþegnsamlegastar tillögur, og hefir hans há-tign síðan þóknast 4. þ. m. allramildilegast að neita um allrahæzt samþykki sitt á frumvarpi því, er alþingi hafði fallizt á.

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild stjórnartíðindanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þrumuleiðara á Reykja-nesvitanum. — Með þóknanlegu brjefi frá 2. september þ. á., senduð þjer, herra lands-höfðingi, frumvarp til fjárukalaga fyrir árin 1880 og 1881, og tókuð þjer um leið fram, að breytingaratkvæði, sem þjer höfðuð borið upp við 2. grein frumvarpsins um að hækka fjárveitinguna til vitans á Reykjanesi um 150 kr, til að útvega fyrir það fje þrumuleiðara á vitaturninn, hefði verið fellt í neðri deild alþingis, en að þar hefði ekki komið fram neinar mótbárur móti því, að þetta kæmist á, og þess vegna ætlið þjer, að útgjöldin til þessa fyrirtækis muni fást veitt eptir á, um leið og reikningur landssjóðs-ins fyrir árin 1880 og 1881 verður samþykktur.

Af þessu tilefni læt jeg eigi hjá líða, eptir að tjeð lagafrumvarp 4. þ. m. hefir öðlast lagagildi (sjá 52. bls. A.-deildar stjórnartíð.) þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og athuga, er varið verður fje því, sem vitanum er veitt með þessum lögum, að ráðgjafanum þykir ísjárvert, eptir því sem fram hefir komið á alþingi, að verja, í von um fjárukaveitingu, fje til að útvega þrumuleiðara á vitaturninn, en að ráðgjafinn aptur á móti ekki myndi verða því að neinu leyti mótfallinn, að þrumuleiðari yrði útvegaður, svo framarlega sem hann yrði borgaður af fje því, sem sparast kynni frá vegagjörðum þeim og byggingum, sem fjárukaveitingin einkum hefir tillit til.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að utanríkisskip verði eigi notuð til fiskiveiða í landhelgi. — Með þóknanlegu brjefi frá 17. septbr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað brjef amtmannsins yfir norður- og aust-urumdæminu frá 5. s. m., og lagt það til, að ráðgjafinn hlutist til um, að skip-